

5. ágúst 2009

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 27. apríl 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Century Aluminum Company með sér sátt vegna brots Century Aluminum Company á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Century Aluminum Company, sem útgefandi skráðra hlutabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa skilað lista yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum rúmum tveimur mánuðum of seint til Fjármálaeftirlitsins.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímbundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eig sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 700.000,-.